

**Skráð: Kristbjörn Egilsson,
Samantekt í febrúar 2005
Endurskoðað í janúar 2013**

Kristbjörn Einarsson

fæddur 19. nóvember 1881; dáinn 18. júní 1948.

Kristbjörn Einarsson fæddist 19. nóvember 1881 í Bergshúsi, Skólavörðustíg 10 í Reykjavík. Foreldrar:Einar Eyjólfsen (Einar stopp) f.24. ágúst 1832 á Torfastöðum, Grafningshreppi, Árn. d. 17. mars 1902 í Reykjavík og Guðrún Benjamínsdóttir f. 14. sept. 1854 í Prestshúsum Kjalarneshreppi, Kjós, d. 21. mars 1921 í Reykjavík. Hann ólst upp í Engey til 9 ára aldurs. Mæðginin voru þar hjá Ragnhildi Ólafsdóttur og Bjarna Magnússyni. Þaðan fluttist hann með móður sinni til Flateyjar á Breiðafirði. Þau bjuggu hjá Eyjólf Jóhannessyni, kaupmanni og konu hans Sigurborgu Ólafsdóttur. Þar tók hann kornungur (12 ára) að stunda sjómennsku, bæði á opnum skipum og þilskipum og var ætlun hans að gera sjómennsku að ævistarfi sínu. Hann flyst úr Flatey til Reykjavíkur 1898. Á Sjómannaskólann fer hann svo 19 ára gamall og skrifast þaðan út með hið minna íslenska stýrimannapróf þann 7. apríl árið

1903. Kristbjörn var háseti á Kúttar „Kjartan“ frá Hafnarfirði fiskveiðitímann árið 1902 hjá Halldóri Friðrikssyni, skipstjóra. Útgerðarárið 1903 er hann háseti á fiskveiðiskipinu „Ísland“ hjá Jóni Th. Hanssyni skipstjóra. Báðir þessir skipstjórar taka fram í meðmælabréfum að Kristbjörn sé vel lagaður til að stjórna skipi og hafa mannaforráð. Varð hann brátt stýrimaður og síðan skipstjóri og var oft fenginn til að sigla skipum heim frá öðrum löndum.

Árið 1909 var farið að byggja Gasstöð Reykjavíkur og var það meira af tilviljun, að Kristbjörn hóf hinn 4. september störf við þá byggingu, og ílentist þar, heldur en það hafi verið ætlun hans, en þar vann hann æ síðan. Borgarstjórinn í Reykjavík skipaði hann gasvirkjara við Gasstöð Reykjavíkur 31. janúar 1920. Kristbjörn vann síðan í Gasstöðinni þar til hann lét af störfum vegna heilsubreysts árið 1943.

Í Gasstöðinni lagði hann gjörva hönd á flest sem þar fyrir kemur: lagnir í hús, viðgerðir á tækjum og lögnum, afgreiðslu og skrifstofustörf o.fl. Um mörg ár hafði hann þann starfa að hlýða dag-, nætur- og helgidagakalli þegar ólag var á gaslögnum eða tækjum í húsum bæjarins og var það oft æði ónæðissamt. Leysti hann þar hvers manns vanda og var vinsæll af bæjarbúum.

Kristbjörn var einnig um margra ára skeið í slökkviliði Reykjavíkur.

Um tímabil á, yngri árum, var hann mjög starfandi í stúkulífi bæjarins (Góðtemplarareglunni) og kom þar mikið við sögu, þótti góður skemmtikraftur, t.d. leikari og tók mikinn þátt í leikstarfinu þar, enda var hann léttur í lund og hafði næmt auga og eyra fyrir því sem er spaugsamlegt og sjerkennelegt. Kristbjörn komst jafnvel upp á svið hjá Leikfélagi Reykjavíkur t.d. í Ræningjunum eftir Schiller.

Alla tíð var Kristbjörn áhugamaður um íþróttir og fylgist af áhuga með öllum íþróttakeppnum og leikmótum sem fram fóru, enda synir hans tveir Jón Karel og Egill annálaðir íþróttamenn á sinni tíð og kepptu með Val í fótbolta og handbolta. Sjálfur lærði hann sund þegar hann var í sjómannaskólanum hjá Páli Erlingssyni og var óútt þá að menn lærðu sund.

Fyrri eiginkona Kristbjörns (giftust 9. okt. 1909) var Guðrún Jónsdóttir, f. 12. nóv. 1889 á Klöpp í Reykjavík, d. 21. nóv. 1918 í Reykjavík, húsfrú. Börn þeirra: a) Guðrún Sigurborg, f. 25. maí 1910 í Reykjavík, d. 1. júní 1984, matráðskona í Reykjavík. b) Jón Karel, f. 19. des. 1911 í Reykjavík, d. 17. júní 1933 af slysförum í knattspyrnuleik á Melavelli, gasþjónn í Reykjavík. c) Karítas Ósk, f. 1. mars 1913 í Reykjavík, d. 15. okt. 1998, húsfreyja í Reykjavík. d) Anna Magnea, f. 18. jan. 1915 í Reykjavík, d. 4. apríl 1920. e) Egill Ágúst, f. 24. ágúst 1916 í Reykjavík, d. 8. september 2012, fulltrúi í Reykjavík og frumkvöðull í hálendisferðum. f) Svanhvít **Svala**, f. 3. jan. 1918 í Reykjavík, d. 24. des. 1998, húsfreyja í Reykjavík.

Svanhvít **Svala** var alin upp hjá Guðrínu Sigurðardóttir, f. 18. des. 1875, d. júní 1949, Hverfisgötu 85 í Reykjavík.

Seinni eiginkona Kristbjörns (giftust 9. okt. 1919) var Sara D.W. Kristjánsdóttir, f. 20. maí 1895 í Álftavík Norður-Múlasýslu, d. 8. feb. 1990 í Reykjavík. Barn þeirra: a) Guðmundur f. 24. feb. 1920, d. 21. mars 1920.

Kristbjörn missti fyrri konu sína sína í spönsku veikinni 1918. Seinni kona hans Sara D.W. Kristjánsdóttir tók við heimilinu og annaðist hún börnin og ól upp ásamt föður þeirra af ást og umhyggju.

Kristbjörn ásamt fjölskyldu bjó mestan sinn aldur í litla gula húsinu við Laugaveg 58 b, ól þar upp barnahópin og átti snyrtilegt heimili með Söru konu sinni. Þar ræktaði hann fallegan garð með blómum, matjurtum og trjám. Enn standa hlynur, reyniviður og silfurreynir sem hann gróðursetti í garðinum (2013).

Heimildir:

Borgarstjórinn í Reykjavík Skipunarbréf Kristbjörns Einarssonar í stöðu gasvirkjara við Gasstöð Reykjavíkur 31. janúar 1920
Egill Kristbjörnsson. Munnleg heimild, september 2004.
Halldór Friðriksson. Meðmælabréf 18. nóvember 1903.
Jón Th. Hansson. Meðmælabréf 18. nóvember 1903.
Kristbjörn Egilsson. Munnleg heimild september 2004.
Prófskírteini. Hið minna íslenska stýrimannapróf 7. apríl 1903.
Snorri Eyjólfsson 1948. Kristbjörn Einarsson. Minning. Vísir 25. júní 1948.
Vinur 1942. Kristbjörn Einarsson sextugur. Morgunblaðið 19. nóvember 1941.



Kristbjörn Einarsson, Sara D.W. Kristjánsdóttir og Karítas Ósk Kristbjörnsdóttir á Laugavaegi 58 b. Ljósmynd Egill Kristbjörnsson. Ljósmynd líklega tekin u rétt eftir 1930.



Laugavegur 58b. Sara D.W. Kristjánsdóttir og Kristbjörn Einarsson við reyniviðarhríslu sem enn stendur þegar þetta er ritað árið 2021. Ljósmyndari ókunnur. Myndin líklega tekin um 1930.



Laugavegur 58b. Konan til vinstri er Guðrún Guðmundsdóttir og sú sem situr er Sara D.W. Kristjánsdóttir. Kartöflugarðurinn á Laugavegi 60 í forgrunni. Ljósmyndari ókunnur. Myndin líklega tekin um 1930.



Kristbjörn Einarsson (1881–1948). Ljósmynd líklega ???????????



Kristbjörn Einarsson (1881–1948), Ljósmynd líklega tekin kringum aldamótin 1900.



Guðrún Benjamínsdóttir (1854-1921)



Kristbjörn Einarsson (1881–1948) og Guðrún Jónsdóttir (1889–1918), Brúðarmynd tekin 9. október 1909.



Fv. Egill Ágúst (1916–2012), Guðrún Jónsdóttir (1889–1918), Guðrún Sigurborg (1910–1984), Karítas Ósk (1913–1998), Anna Magnea, (1915–1920) Guðrún Benjamínsdóttir (1854–1921) Jón Karel (1911–1933) og Kristbjörn Einarsson (1881–1948) Þarna bjó sjölskildan á Njálsgötu 29, Reykjavík. Ljósmynd 1917.